

Stjórnarfundur Delta Kappa Gamma á Íslandi, mánudaginn 30. maí 2016 kl. 18 á Skype

Mættar voru: Eygló, Guðbjörg, Kristín og Jónína, sem ritar eftirfarandi. Krístrún Ísaksdóttir fulltrúi í European Forum mætti einnig á fyrsta hluta fundarins.

1. Vefmál – Krístrún Ísaksdóttir sagði nokkuð frá hugmyndum sínum og starfi í Evrópufórum, þar á meðal vefmálum.

Evrópa forum eða Evrópufórum eins og það verður kallað í fundargerðinni: Krístrún er að ljúka starfi þar og Kristín Jónsdóttir tekur við. Síðast var fundur í okt-nóv. í nefndinni, í Stokkhólmi (sjá fundargerð þess fundar á slóðinni, <http://dkgeurope.org/page/minutes-of-the-ef-meeting>) Félagamálin í Evrópu eru áhyggjuefni. Þar hefur fækkað í samtökunum. Nú eru aðeins 8 lönd í Evrópu, Danmörk datt út. Fækkun frekar en fjölgun í Bretlandi og Noregi og alls staðar þarf að huga að því að fá yngri konur í samtökin og hvernig verður helst haldið í þær. Rætt er um hvort hægt verður að fá fleiri lönd í samtökin. Evrópufórum líst vel á að stofna deild/landssamband í Póllandi, þar sem menntamálin eru í deiglu. Að stofna nýtt landssamband er nokkuð dýrt og Evrópufórum hefur áhuga á að skoða leiðir í sjóðakerfi Evrópu til að vinna að stofnun landssambands í Póllandi. Til dæmis væri þá hægt að bjóða konum þaðan að koma á Evrópuþing þar sem hægt væri að halda kynningu fyrir þær.

Krístrún ræddi um sýnileika samtakanna. Þar undir eru vefmálin. Almennt má segja að nýta megi vefinn betur til samskipta og að konur yfirleitt séu fremur daufar í því að setja inn efni.

Hugmyndir eru um að virkja eitt land í einu til að hafa forgöngu um að setja inn efni. Koma á framfæri því málefni, sem brennur á því landi á þeim tíma. Tungumálin eru vissu hemill á slíkt, en stundum má hvetja til þess að lönd noti bara sitt eigið tungumál og þeir njóti, sem geta.

Facebook er auðveldari en vefsíðan okkar með tilliti til þess að setja inn efni, en þar er heldur svo sem ekkert sérstaklega mikið líf.

Útgáfan á vefforritinu sem við notum á vefsíðum okkar, bæði þeirrar evrópsku og íslensku er orðið úrelt og þarf að endurnýjast, en það er ekki skýringin á því hve konur eru lélegar við að senda inn efni eða vera í samskiptum.

Euforia–veftímarit Evrópufórum hefur lagst á hliðina. Hollenski fulltrúinn ætlaði að koma einhverju á fót, sem kæmi í staðinn – en ekki hefur orðið af því. Það næst einhvern veginn ekki upp stemning.

Eitt er Evrópustarfið og annað er starf þeirra, sem starfa fyrir okkar hönd. Krístrúnu hefur þótt að hún væri dálítið einmana og sagðist heldur ekki hafa verið nógu dugleg við að sækja sér styrk til stjórnarinnar, sem væri jú bakhópurinn. Kristín taldi að Landssambandsstjórnin gæti sett sér að hitta fulltrúa erlendu nefndanna meira en verið hefur.

Meðal hugmynda í Evrópufórum eru systradeildir, samstarf á milli landa. Íslenskar deildir fengju sér samstarfsdeildir í öðrum löndum, t.d. með heimsóknir í huga. Einhver færir frá okkur á landssambandsþing í öðru(m) landi (löndum).

Gaman hefur reynst að hafa upp á systur okkur víðs vegar um heiminn. Það hefst ánægja uppúr því.

Vefmál: Umsjónarkerfið er í góðu lagi, þarf bara að uppfærast. Ókeypis kerfi eru til, en þau þurfa vefhönnun áður en þau fara að þjóna okkur. Ef við fáum einhvern til að setja upp Word Press – væri þetta skoðandi, en hafa þér í huga eins og áður er sagt, að þó kerfin sjálf séu ókeypis er mikil og oft dýr vinna við að innleiða þau og setja

upp. Mikilvægt að halda í gögnin okkar, glata ekki neinu. Ef skipt verður um kerfi verður mikil vinna að yfirfæra eldri gögn.

Evrópa ákveður hvort hún vill breyta um kerfi. Þeirra síða þolir frekar að vera færð á milli kerfa en sú íslenska þar sem hún er einfaldari og minni í sniðum.

2. Landsambandsþing - dagsetning – húsnæði og önnur umgjörð
 - a. Dagsetning 6.-7. maí 2017 samþykkt. Menntamálanefnd undirbýr faglega hlutann og landssambandsstjórnin undirbýr aðalfundinn á seinni deginum.
 - b. Reyna að lækka verðið á matnum. Taka bara tveggja rétta hátíðarkvöldverð og fá súpu og salat í hádeginu á laugardeginum í stað fiskréttar.
 - c. Heiðra konu: Endilega að heiðra konu. Lýsa eftir tilnefningu á konu til félagskvenna.
 - d. Búið er að ýta á menntanefndina – Birna verður ekki með þeim. Einhver þarf að koma í staðinn fyrir hana. Heyra í nefndinni og vita hvort þær erum með einhverja í huga.
3. Beiðni um fjárstyrk frá Beta- og Mýdeild til að standa fyrir alþjóðadegi kennara í haust undir nafni DKG. Þarf að afgreiða hana fyrir haustið. Ákveðið að styrkja þær um kr. 50 þúsund. Það verði ákvörðun stjórnar hverju sinni að taka afstöðu til umsókna eins og þessarar. Ekki endilega að hún þurfi að falla inni eitthvert form eða ritual til eftirbreytni síðar meir.
4. Næsti framkvæmdaráðsfundur
 - a. Dagsetningin: laugardagurinn 10. september ákveðin. Senda dagsetninguna snemma til formanna. Húsnæði verður kannski vandamál af því að Ingibjörg Einarsdóttir er að hætta í sumar vinnu við skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Sigríður Johnsen er kannski með góðar tengingar inni skólastjórahóp Reykjavíkursvæðisins, þar sem myndist húsnæði.
5. Styrkur til farar til Nashville – á alþjóðþing yfirleitt
 - a. Guðbjörg og Eygló ætla að setja á blað hugmyndir um verklagsreglur vegna ferðalaga forseta á alþjóðþing. Kannski er þetta bara í reglum félagsins um fyrirkomulagið – þarf að skoða og er óþarfi að breyta. Guðbjörg og Eygló ætla að skoða reglurnar.
 - b. Nefndarkonur í erlendum nefndum sækja um styrk og fá eitthvað örlítið uppí kostnaðinn. Nefndarformenn fá greitt fyrir ferðir sínar. Sennilega þarf að skoða hvernig konur í nefndum fá styrki, hve háa og slíkt. Allt eftir fjárhag sambandsins.
6. Stjörnunámskeið Sigrúnar Jóhannesdóttur
 - a. Gætum við hugsanlega fengið Sigríði Johnsen til að hefja samstarf við Sigrúnu Jóh. og halda áfram þessum stjörnu-námskeiðum eða einhverju sambærilegu fyrir deildirnar. Landssambandið hefur fram að þessu greitt fargjald Sigrúnar, fyrst af styrk, sem fékkst og síðan sjálft eftir að styrkurinn tæmdist. Þá væri hægt að auglýsa þessi námskeið betur og halda þeim áfram. Þá væri líka hægt að sækja í sjóð alþjóðasambandsins.
7. Stofnun nýrrar deildar
 - a. Í okkar framtíðarsýn var sett að stofna nýja deild. Sigríður Guttormsdóttir hefur aðeins kannað landslagið á Norð-vestursvæðinu í kringum Sauðárkrók. Ákveðið að gefast ekki upp við að reyna að stofna nýja deild á þessu svæði og bjóða Sigríði Guttormsdóttur þann stuðning, sem hægt er.
8. Önnur mál

- a. Alþjóðlegar nefndir – staðan. Eygló hefur haft samband við 5-7 konur, sem hyggjast sækja um að starfa í alþjóðlegum nefndum. Þær hafa ekki gefið endanlegt svar, svo þetta er ekki endanlegt.
9. Eygló heimsótti Zeta-deildina þar sem hún fékk hinar bestu móttökur. Deildin er fremur fámenn og veitti ekki af að í henni fjölgaði. Eygló hefur helst dottið í hug að deildin reyndi að fá svolítið margar konur í einu (og þá kannski nokkrar af sama svæði) til að ganga í samtökin og fara til dæmis út fyrir skólageirann í leit að nýjum konum. Nokkuð er um það að konur sinni fræðslustörfum þó þær séu ekki kennarar í „hefðbundnum“ skólum.
10. Rætt var aðeins um íslensku nefndarstörfin og var stjórnin sammála um að hún þyrfti að virkja sumar nefndirnar betur til starfa.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 20. Slitrótt samband var við Kristínu, en þetta hafðist allt fyrir rest.